

Mál nr. 178/2021

M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins A.**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem var ekið á loftblásara í bílastæðahúsi.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 5.5.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 11.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9. febrúar 2021 ók M bifreið sinni af gerðinni B inn í bílastæðahús í eigu A og hugðist leggja B í tiltekinn stöðureit þar. Rakst þá þak og vindskeið aftast á B í loftblásara sem hékk niður úr loftinu. Við innakstur í bílastæðahúsið er viðvörðunarkerki um 2,2 m hæðartakmörkun í húsinu. Við athugun mun hins vegar hafa verið tæpir 1,86 m undir lægsta punkt loftblásarans.

M kvaðst ekki hafa séð loftblásaranum sem var beint fyrir ofan stöðureitinn sem hann hugðist leggja í. Hann kvað ekki unnt að treysta þeim hæðarmerkingum sem voru við innkeyrsluna. Hefur hann krafist bóta fyrir það tjón sem varð á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Loftblásari sá sem B var ekið á virðist af fyrirliggjandi myndum að dæma vera yfir tveimur stöðureitum, þeim reit sem M hugðist bakka í og öðrum reit sem kemur í beinu framhaldi haf honum. Ekki er ljóst hversu margir loftblásarar af þessari gerð eru í bílastæðahúsinu en af ljósmyndum sem sýna a.m.k. hluta hússins er ekki að sjá fleiri slíka blásara. Umræddur blásari er sívalur, nokkuð langur og þvermál hans allnokkurt og á að sjást greinilega þegar ekið er um bílastæðahúsið að því er ráða má af ljósmyndum og gögnum málsins að öðru leyti. A er jeppabifreið og talsvert hærri en venjulegar fólksbifreiðar. Þótt 2,2 m hæð sé víðast hvar í bílastæðahúsinu verður ekki hjá því komist að á stöku stað kunni lofthæðin að vera minni. Ökumenn bifreiða sem eru tiltölulega háar, eins og B í því tilviki sem hér um ræðir, verða af þeim sökum að gæta sérstakrar varúðar þegar ekið er í bílastæðahúsum þar sem lofthæð er lítil. Eins og áður greinir var umræddur loftblásari vel sjáanlegur og átti M að geta varist hann ef hann hefði gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, jafnvel þótt hann hafi ekið aftur á bak í stöðureitinn. Að öllu virtu verður ekki ráðið að óhappið verði rakið til vanbúnaðar í bílastæðahúsinu, skorts á varúðarmerkingum eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. Þessu haggar ekki þótt lagðar hafa verið fram gögn um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ekið sé undir steiptan bita í öðru bílastæðahúsi. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum vegna tjónsins á B úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jóhann T. Sigurðsson lögfr.